

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 23.02.2022  
Málsnúmer: FJR21040054  
Bréfalykill: 3.6

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögn um frumvarp til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði (þskj. 344, 244. mál).

### I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögn Seðlabanka Íslands sem barst til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði (þskj. 344, 244. mál) og eru tillögur ráðuneytisins að breytingum við einstakar greinar settar fram í III. kafla minnisblaðsins.

### II. Viðbrögð við umsögn Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands gerir í umsögn sinni athugasemdir við nokkur atriði í frumvarpinu og leggur þar til eftirfarandi breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við 4. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald í skilningi reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og nr. 346/2013.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu, en leggur þó til að tekið verði fram að hér á landi sé Seðlabanki Íslands lögbært yfirvald í skilningi reglugerðanna. Sú framsetning er notuð t.d. í 33. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Það hver telst lögbært yfirvald í skilningi reglugerðanna fer almennt eftir því hvar viðkomandi rekstraraðili er með skráða starfsstöð eða hvar viðkomandi sjóður er skráður eða með starfsleyfi, sbr. m-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðanna. Ráðuneytið leggur því til að við tillögu Seðlabankans bætist orðin „hér á landi“ og að ákvæðið verði þá svohljóðandi (sjá breytingu frá tillögu Seðlabankans undirritaða):

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald hér á landi í skilningi reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og nr. 346/2013.

Í öðru lagi er lagt til að 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott. Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

Í þriðja lagi er lagt til að 8. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott. Þarna er væntanlega átt við 6. mgr. ákvæðisins. Ráðuneytið tekur undir þá breytingartillögu að 6. mgr. falli brott. Venju samkvæmt er ekki fallist á að almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins verði breytt eins og Seðlabankinn leggur til.

Í fjórða lagi er lagt til að orðin „og eignum“ í c-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins falli brott. Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

Í fimmta lagi er lagt til að orðunum „og hvort um ítrekað brot er að ræða“ verði bætt við f-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

### III. Breytingartillögur við frumvarpið

Ráðuneytið leggur til, sbr. umfjöllun í II. kafla, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

- Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald hér á landi í skilningi reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og nr. 346/2013.
5. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott.
6. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott.
- Orðin „og eignum“ í c-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins falli brott.
- Við f-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins bætist: og hvort um ítrekað brot er að ræða, og.

10. febrúar 2022  
Tilv.: 2201343

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði, 152. löggjafarþing, 244. mál

Með tölvupósti dags. 27. janúar 2022 óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um eftirlit og upplýsingagjöf, án þess að fram komi hvaða aðili er lögbært yfirvald í skilningi reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 og 346/2013. Tilgreiningin á lögbæru yfirvaldi/stjórnvaldi hefur bæði þýðingu gagnvart markaðinum og eftirlitsskyldum aðilum og gagnvart lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og stofnunum EFTA og ESB. Í nýlegum lögum á fjármálamarkaði hefur verið tekið fram að Seðlabanki Íslands sé lögbært yfirvald, sbr. t.d. 33. tl. 1. mgr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, 3. mgr. 3. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 55/2021 um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Er því lagt til að eftirfarandi málsgrein (3. mgr.) verði bætt við 4. gr:

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald í skilningi reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og nr. 346/2013.

Í 5. tl. 1. mgr. 5. gr. segir að heimilt sé að „*grípa til annarra viðeigandi ráðstafana*“. Ólíklegt er að við eftirlitsstarfsemi yrði gripið til annarra ráðstafana en eru sérstaklega tilteknar í lögum. Er því lagt til að fella 5. tl. 5. gr. á brott.

Í 8. mgr. 8. gr. segir að um viðurlög gagnvart hverjum þeim lögaðila eða einstaklingi sem brýtur gegn ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, fari samkvæmt XI. kafla þeirra laga. Að mati Seðlabankans er skýrt að um viðurlög skv. lögum nr. 45/2020 fari eftir þeim lögum og því óþarfi að tiltaka það sérstaklega í lagatexta. Er því lagt til að málsgreinin verði felld brott en sama efni verði rakið í athugasemdum í greinargerð við frumvarpið.

Í c. lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga skuli m.a. taka tillit til „*fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum og eignum einstaklings*“. Lagt er til að gætt sé samræmis við aðra lagabálka, sjá t.d. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, og eingöngu sé litið til árstekna en ekki eigna einstaklinga. Því er lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:

fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings.

Í f. lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga skuli m.a. taka tillit til „*fyrri brota hins brotlega*“. Lagt er til að að stafliðurinn orðist svohljóðandi: „*fyrri brota hins brotlega og hvort um ítrekað brot er að ræða*“.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofu bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofu bankastjóra